

Miðvikudaginn 6. nóvember 1996.

Nr. 395/1996.

Bergshús ehf.

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

(Friðjón Örn Friðjónsson hrl.)

Kærumál. Útburðargerð. Frávísun máls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. október 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 29. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. september 1996, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að heimilt væri að bera sóknaraðila út úr húsnæði á 2. hæð að Austurstræti 10 A í Reykjavík. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og varnaraðila gert að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila og lögmanns hans, Hjalta Steinþórssonar hæstaréttarlögmanns.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt fram endurrit úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík, þar sem fram kemur, að útburðargerð hafi farið fram samkvæmt hinum kærða úrskurði 14. október 1996 og varnaraðila verið afhent umráð húsnæðisins. Samkvæmt þessu verður sóknaraðili ekki talinn hafa lengur réttarhagsmuni af því, að úrskurður héraðsdóms komi til endurskoðunar. Verður málinu því sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir. Ekki þykja næg efni til að fallast á kröfu um kærumálskostnað úr hendi lögmanns sóknaraðila.

D ó m s o r ð:

Málinu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Bergshús ehf., greiði varnaraðila, Áfengis- og
tóbaksverslun ríkisins, 50.000 krónur í kærumálskostnað.
